

# NES FRÉTTIR

NÓVEMBER 2015 • 11. TBL. • 28. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI  
**511 1188**



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Fimmtudaginn 22. október sl. stóðu félagsstarf eldri bæjarbúa og kirkjan fyrir sameiginlegri ferð í Reykholt í Borgarfirði. Á fimmta tug manna og kvenna tók þátt í ferðinni sem í senn var skemmtileg og fræðandi. Myndirnar eru frá ferðinni í Reykholti. Sjá nánar frá félagsstarfi eldri bæjarbúa á bls. 16.



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á [www.islandsbanki.is/farsiminn](http://www.islandsbanki.is/farsiminn)



## Hafðu bankann með þér

  
Íslandsbanki

# NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórhur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Draumasveitarfélagið Seltjarnarnesbær

Seltjarnarnesbær hefur hlotið viðurkenninguna draumasveitarfélagið annað árið í röð. Þessi viðurkenning er unnin af Vísbendingu upp úr rekstrartölum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem endurspeglar fjárhagslegan styrk þeirra – þar á meðal tölum um skatta á íbúa og afkomu sem hlutfall af tekjum. Sveitarfélög sem samanstanda af tekjuháum íbúum og geta haldið ýmsum útgjöldum nokkuð í skefjum, einkum félagslegum koma jafnan best út í þessari úttekt.

Ýmislegt fleira getur stuðlað að því að sveitarfélög verði draumabyggðir en góðar tekjur af tekjuháum skattgreiðendum og því að þurfa ekki að leggja í háan kostnað vegna félagslegra aðstæðna fólks. Má þar nefna stuttar vegalengdir, nálægð og samkennd á meðal íbúa. Í mörgum viðtölum sem Nesfréttir hafa átt við íbúa Seltjarnarness kemur fram að fólk metur þessa þætti mikils ekkert síður en rekstrartölur þótt góðar geti verið. Í útkomum úr þjónustukönnunum sem Capacent hefur árlega gert koma þessi viðhorf einnig skýrt fram.

Félagslíf stendur með blóma á Seltjarnarnesi. Menningarlífið eflist ár frá ári og má nefna nýafstaðna menningarhátíð því til stuðnings. Öflugt íþróttalíf hefur einkennt Seltjarnarnes, tónlistarlífið hefur þróast fyrir tilverknað öflugsskólans. Og ekki má heldur gleyma ungmennastarfinu og þeim staðhæfingum sem byggðar eru á könnunum að neysla ífíkniefna á meðal ungmenna hér er með því minnsta sem þekkt hér á landi.

Seltirningar geta um margt verið ánægðir með byggðina sína. Verið stoltir af Nesinu en vissulega þarf margs að gæta eigi að verða unnt að halda þessari stöðu og ímynd um framtíð. Eitt af því sem huga þarf að er hvernig samsetning íbúa mun koma til með að þróast í framtíðinni. Enn vantar ungt fólk með framtíðina fyrir sér á Seltjarnarnes. Íbúasamsetning komandi tíma mun einkum ráðast af framboði fjölbreyttra húsnæðismöguleika.



Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

**Sævar**

**Bíla- og bátarafmagn**

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

## Seltjarnarnes er draumasveitarfélagið



Sveitarfélagið Seltjarnarnes hlaut nýverið nafnbótina draumasveitarfélagið í nýjasta tölublaði Vísbendingar. Þetta er annað árið í röð sem sveitarfélagið hlýtur þessa nafnbót sem byggð er á rekstrartölum úr ársreikningum, samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í nýjasta tölublaði Vísbendingar, sem fjallar vikulega um viðskipti og efnahagsmál, var fjárhagur sveitarfélaga greindur, líkt og blaðið hefur gert undanfarin ár. Sveitarfélögum eru gefnar einkunnir byggðar á nokkrum þáttum sem endurspeglar fjárhagslegan styrk sveitarfélaga. Þeir þættir sem hafðir eru til viðmiðunar eru skattheimta, breytingar á íbúafjölda, afkoma sem hlutfall af tekjum, nettóskuldir sem hlutfall af tekjum og veltufjárlutfall þar sem allir þessir þættir hafa jafnt vægi.

### Lífsgæðin eru á Nesinu

„Þessari frábæru niðurstöðu ber að þakka starfsmönnum bæjarins, lögd er áhersla á skilvirka stjórnun og öfluga þjónustu við íbúa bæjarfélagsins,“ segir Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri. „Við höfum verið að styrkja mikilvæga innviði í bæjarfélaginu, skólamál hafa alltaf verið forgangsmál hjá okkur og álögur eru meðal þeirra lægstu á landinu. Önnur könnun, sem okkur þykir ekki síður vænt um, sýnir að íbúar Seltjarnarness eru hvað ánægðastir íbúa sveitarfélaga landsins. Capacent gerir þessa þjónustukönnun árlega. Útkoman þar undirstrikar jákvætt viðhorf bæjarbúa til samfélagsþjónustunnar og er okkur hvatning að halda áfram á sömu braut.“

Menningarstarfsemi stendur með

miklum blóma og má í því samhengi nefna nýafstaðna menningarhátíð Seltjarnarness sem haldin var í þessum mánuði. „Síðast en ekki síst er í bæjarfélaginu öflugt íþróttastarfsemi en með dyggum stuðningi við barna og unglingsstarf hjá Seltjarnarnesbæ er verið að treysta öflugar forvarnir fyrir unga fólkið okkar,“ segir Ásgerður.

### Slæm staða sveitarfélaga

Úttekt Vísbendingar gefur til kynna að nokkur af stærstu sveitarfélögum landsins búi við veika fjárhagsstöðu. Einkunnagjöfin í ár endurspeglar erfitt árferði og versnandi afkomu sveitarfélaga. „Halli í fjárhagslegum samskiptum við ríkið er ein ástæðan fyrir slæmri afkomu sveitarfélaga. Tryggja þarf fulla fjármögnun þeirra verkefna sem sveitarfélögin hafa tekið að sér samanber málaflökk fatlaðs fólks en þar vantar gífurlega fjármuni svo málaflökkurinn standi undir sér,“ segir Ásgerður bæjarstjóri.

Nesbúinn



Er mig að dreyma?



# Bókasafn Seltjarnarness

## 130 ÁRA

**Velkomin í 130 ára afmælisveislu Bókasafns Seltjarnarness**  
**Tímamótunum verður fagnað með nokkurra daga hátíðarhöldum**

### **Föstudag 20. nóvember kl. 15-17**

**Soffía Karlsdóttir** sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs býður gesti velkomna.

**Ásgerður Halldórsdóttir** flytur kveðju bæjarstjóra.

**Pálína Magnúsdóttir** borgarbókavörður og heiðursgestur afmælisins flytur ávarp.

**Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir** hjá Landsbókasafni ræðir um lestrarfélög og almenningsbókasöfn.

Sýning á sögulegum ljósmyndum úr fórum bókasafnsins.

Gömlu lestrarfélagsbækurnar sýndar.

**Félagar úr Selkórnum** syngja nokkur lög kl. 16 og **Anni Rorke** leikur á píanó kl. 16.30.

Afmæliskaka í boði fyrir alla og afmælisleikur bókasafnsins - Vegleg verðlaun

í boði fyrir heppna gesti.

### **Þriðjudag 24. nóvember kl. 20**

Rithöfundarnir **Auður Jónsdóttir**, **Jón Kalman Stefánsson**, **Sigurður Pálsson**

og **Pórdís Gísladóttir** fjalla um bækur sínar. Stjórnandi höfundakvöldsins

er **Hildigunnur Þráinsdóttir**. Veitingar í hléi.

### **Miðvikudag 25. nóvember kl. 17.30**

Verðlaunahöfundurinn **Bergrún Íris Sævarsdóttir**, sem tilnefnd var til verðlauna Norðurlandaráðs fyrir skemmstu, leiðir börnin um ævintýraheim bókanna og les upp úr bók sinni Viltu vera vinur minn?

Boðið verður upp á gómsætar og hollar veitingar.

### **Fimmtudaginn 26. nóvember kl. 8.30**

**Jón Gnarr** rithöfundur og dagskrárstjóri býður 10. bekkingum í Való í spjall

þar sem fjallað verður um bækur og fleira sem haft hefur áhrif á líf hans.





## Reykjavíkurborg dregur sig út úr fimleikahúsi

Reykjavíkurborg hefur dregið sig út úr viðræðum um byggingu fimleikahúss á Seltjarnarnesi en um 75% iðkenda í fimleikadeild Gróttu koma úr Reykjavík. Viðræður voru teknar upp síðastliðið vor og gengu vel. En svo ber við að á fundi Borgarráðs þann 22. október sl. var samþykkt ályktun borgarráðsfulltrúa Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Framsóknar og flugvallarvina um að í ljósi fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar telji borgarráð ekki unnt að halda verkefninu áfram. Á sama fundi bókuðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins að mikilvægt væri að fram fari þarfagreining á aðstöðu fyrir fimleikaíþróttir í vesturhluta borgarinnar, en engin slík aðstaða er fyrir hendi önnur en hjá Gróttu.

Magnús Arnar Guðmundsson, formaður Íþrótt- og tómstundanevndar Seltjarnarness ÍTS, segir þetta mjög mikil vonbrigði. Hann segir að á síðasta fundi ÍTS hafi fjórir af fimm nefndarmönnum bókað vonbrigði sín með niðurstöðu Reykjavíkurborgar og

hvatt borgarráð til þess að endurskoða afstöðu sína og flýta þarfagreiningunni sem er augljóslega afar brýn. Að mati Magnúsar Arnar er sameiginleg uppbygging hjá Fimleikadeild Gróttu langbesta lausnin í stöðu fimleika á vestanverðu höfuðborgarsvæðinu. „Aðstaðan hjá fimleikadeild Gróttu er yfirfull vegna þjónustu við Reykvíkunga. Nú þarf Seltjarnarnesbær að hugsa næstu skref gaumgæfilega og jafnvel alveg upp á nýtt. Brýn þörf er á því að bæta aðgengi að íþróttamiðstöðinni auk þess sem fleiri búningasklefa vantar sárlega. Augljóst er að Seltjarnarnesbær getur ekki einn, án þátttöku Reykjavíkurborgar, byggt sjö hundruð milljóna króna viðbyggingu við íþróttamiðstöðina með fimleika-aðstöðu eins og hugmyndir hafa verið uppi um og viðræður gengu út á þrátt fyrir að það myndi einnig leysa búninga-aðstöðu og fleira fyrir aðrar deildir Gróttu.“ Magnús Arnar segir að Reykjavíkurborg verði að koma að þessu verkefni til þjónustu við íbúa sína ef núverandi hugmynd eigi að ganga upp.

## Með næsthæstu meðaltekjurnar

### Útsvar á hvern íbúa

– 5 hæstu og 5 lægstu sveitarfélögin

SVEITARFÉLAG	FJÖLDI ÍBÚA	ÚTSVAR Á ÍBÚA
Fjarðabyggð	4.747	563.915 kr.
Seltjarnarneskaupstaður	4.411	548.494 kr.
Garðabær	14.453	530.130 kr.
Sveitarfélagið Skagaströnd	488	525.693 kr.
Vestmannaeyjabær	4.272	524.258 kr.
<b>Meðaltal</b>		<b>482.143 kr.</b>
Borgarfjarðarhreppur	135	354.262 kr.
Grimsnes- og Grafningshreppur	431	339.801 kr.
Ásahreppur	216	338.600 kr.
Akrahreppur	194	337.875 kr.
Skagabyggð	99	322.000 kr.

Á töflunni má sjá útsvar á hvern íbúa að meðaltali. Þar kemur fram að Seltirningar greiða að meðaltali næst hæst útsvar að meðaltali á íbúa. Mynd:Viðskiptablaðið.

Íbúar Seltjarnarnesbæjar greiða mest til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða því sem nemur um 70 þúsund krónur á mann ef miðað er við fjölda íbúa. Útsvar á íbúa á Seltjarnarnesi er að meðaltali 548 hundruð þúsund krónur sem er næst hæsta meðaltal á landinu. Aðeins í Fjarðabyggð á Austurlandi er útsvarsgreiðslan hærri eða tæpar 564 hundruð þúsund krónur að meðaltali á íbúa. Í Fjarðabyggð eru stórir vinnustaðir á borð við öflug útvegsfyrirtæki og einnig álver Alcoa Fjarðarás.

Samkvæmt upplýsingum Viðskiptablaðsins greiddu íbúar

landsins 482 þúsund krónur hver í útsvar á síðasta ári. Íbúar Fjarðabyggðar tróna á toppnum og íbúar Seltjarnarness koma næstir. Garðabæingar eru í þriðja sæti með 530 þúsund og þar á eftir koma íbúar Skagastrandar með 526 þúsund krónur. Árið 2013 greiddu íbúar Vestmannaeyja hæsta útsvarið en nú eru þeir í fimmta sæti, með 524 þúsund krónur. Nágrannasveitarfélag Skagastrandar, Skagabyggð, er hins vegar í neðsta sæti þegar útsvar á hvern íbúa er reiknað en þar borgar hver íbúi 322 þúsund krónur á ári í útsvar.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

### Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniiupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



#### Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



#### Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



#### Mössun / snyrting á lakk

Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



#### Dekkþjónusta

Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



#### Rétting og máling

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst itrustu kröfur.



#### Bilþvottur / djúphreinsun

Bjóðum við upp á almennan bilþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



#### Innréttingar / skilnaði

Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



#### Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slittflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690  
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



# Orka sem endist allan daginn

"Ég vinn yfirleitt að mörgum verkefnum í einu og þarf því að hafa mikla orku og skapandi huga.

Spírulina hjálpar mér svo sannarlega í gegnum daginn. Ég finn ekki fyrir streitunni hef miklu meiri orku, líður vel og hef betri einbeitingu".

„Lifestream er mitt uppáhald. Ég nota það daglega til að líða vel og halda góðri heilsu".



## Lífrænt og hreint – yfir 100 næringarefni

m. a. 29 vítamín og steinefni, 18 aminosýrur, GLA fitusýrur, SOD ensím, blaðgræna, omega

• Ekkert skordýraeitur • Enginn illgresiseyðir • Engin mengun • Vegan • Engin aukaefni, litar- eða bragðefni • Ekkert genabreytt - GMO free

Breytingar hjá Bókasafni Seltjarnarness:

# Frá bókavörslu til menningarmiðlunar

**B**ókasafn Seltjarnarness hefur tekið ýmum breytingum á undanförunum árum. Eru þær liður í að víkka hlutverk þess og starfsemi frá því sem var þegar starfsemi almenningsbókasafna byggðist nær eingöngu á útlánum bóka. Með samdrætti í útlánum í kjölfar stórauðunnar margmiðlunar hafa söfnin verið að þreifa sig inn á ný svið. Viðlíkra breytinga og eru að verða á Bókasafni Seltjarnarnessu má sjá víðar. Meðal annars hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur og Amtsbókasafninu á Akureyrar. Nesfréttir settust niður á dögnum með Soffíu Karlsdóttur menningarfulltrúa Seltjarnarness og ræddu um safnið á Eiðistorgi og starfsemi þess.

„Það er rétt – við höfum verið að vinna að ýmsum breytingum að undanförunu og þreifa okkur inn í nýja tíma. Þessar breytingar hófust á árinu 2012 þegar Pálína Magnúsdóttir, sem nú stýrir Borgarbókasafni Reykjavíkur, var safnstjóri hér og við höfum haldið þessari vinnu áfram eftir að ég kom að þessum málum.“ Soffía segir að aðdragandinn að breytingunum liggir því að útlán bóka hafi dregist verulega saman á undanförunum árum. Bókasöfnin starfi hins vegar samkvæmt lögum og því nauðsynlegt að víkka hlutverk þeirra. „Hugsun okkar er fyrst og fremst sú að finna út á hvern hátt hægt er að fá gesti inn í safnið á fjölbreyttari forsendum en að fá lánaðar bækur. Hvernig nýta

má þennan lögbundna vettvang í starfi sveitarfélaganna sem best til þess að gera eitthvað tengt listum og menningu.“

## Mikil viðburðavæðing

Soffía starfaði hjá Listasafni Íslands áður en að hún kom til starfa hjá Seltjarnarnesbæ og var því vön viðburðastjórn af ýmsu tagi. „Mikil viðburðavæðing ef við getum notað það orð varð hjá Listasafninu á þeim tíma sem ég starfaði þar. Ætli við höfum ekki sett upp allt að 100 viðburði á ári. Hafþór Ingvason sem nýlega lét af störfum safnstjóra hafði mikinn áhuga á þessum þætti í starfi safnsins. Í þessu fólst mikil sköpun sem ég var þátttakandi í og ég hef reynt að nýta mér þá reynslu sem ég fékk á árunum í Listasafninu fyrir bókasafnið okkar hér á Seltjarnarnesi.“

## Byggt á fagurfræði jafnræðis

Soffía kveðst hafa farið að huga að ónýttum tækifærum á Eiðistorgina fljótlega eftir að hún kom til Seltjarnarnesbæjar. „Ég varð þess áskynja að fáir unglingar vöndu komur sínar hingað í safnið og einnig að nýta mætti rými þess betur. Ég fékk Theresu Himmer, sem er myndlistarkona og býr hér á Nesinu til liðs við mig í lok síðasta árs til að kasta upp hugmyndum að breytingum á safnrýminu og finna út hvernig hægt væri að vinna þar með innsetningar



Soffía Karlsdóttir.

og rýmisverk og einnig að skapa unglingsdeild í safninu. Theresa kom með ýmsar skemmtilegar hugmyndir. Hún benti strax á hversu safnrýmið væri dimmt því búið var að byrgja fyrir glugga. Hún lagði til að hleypa meiri dagsbirtu inn og síðan teiknaði hún rýmið upp og bjó til togíð í miðjunni þannig að fólk upplifir eitthvað rúmt og bjart við innkomuna. Við unnum að unglingsrýminu í samvinnu við ungmennaráð bæjarins enda nauðsynlegt að fá hugmyndir þeirra fram. Úr þessari hugmyndavinnu Theresu og krakkanna varð til einstakt rými sem ég veit að forstöðufólk fleiri bókasafna hefur verið að líta til og

einnig hafa húsgagnaframleiðendur sýnt því áhuga. Þetta rými byggir einkum á fagurfræði jafnræðis – stað þar sem allir eru jafnir og finna sinn vettvang.“

## Fá höfunda til að koma og spjalla við krakkana

„Við erum líka þátttakendur í læsisverkefningu,“ heldur Soffía áfram. „Þegar ég kom til bæjarins var engin markviss stefna fyrir hendi gagnvart unglingsum sem var miður ekki síst í ljósi þess sem PISA kannanirnar gáfu til kynna að hluti ungmenna og þá einkum drengir gætu ekki lesið sé til gangs. Samhliða unglingsstarfinu er ætlunin að leggja aukna áherslu á innkaup bóka sem henta ungmennum en til þess þarf að greina hvað þau vilja lesa. Í þjóðarsáttmálanum um læsi eru bókasöfnin ekki tekin með sem er miður vegna þess að þau hafa hlutverki að gegna ekkert síður en skólarnir. Við viljum engu að síður leggja okkar af mörkum og vinna með grunnskólanum. Ég hef áhuga á að fá höfunda til þess að koma í bókasafnið til þess að spjalla við krakkana. Ég hef líka hugsað um hvort við getum verið með viðburð vikulega eða á tveggja vikna fresti og fáum þá einhverja aðila sem krakkarnir hafa dálæti á til þess að koma í safnið og segðu þá meðal annars frá því hvaða bækur hafa haft áhrif á þau. Það myndu krakkarnir koma í safnið til þess að eiga góða stund með lifandi manneskju. Ég held að þetta geti





# JÓLIN Á APOTEKINU

## Níu rétta lúxus jólaveisla

FORDRYKKUR / 6 FORRÉTTIR / 2 AÐALRÉTTIR / EFTIRRÉTTUR

9.500 kr.

Borðapantanir í síma 551 0011

[apotek.is](http://apotek.is)

orðið skemmtilegt viðbót við annað starf safnsins og glætt áhuga krakka og ungmenna á bókum og lestri.“

### Frá bókavörslu til menningarmiðlunar

Ein af þeim breytingum sem orðið hafa á safninu er sýningarsalurinn. „Ég fór fljótlega að huga að notagildi hans og fékk í framhaldi af því leyfi bæjaryfirvalda til að breyta honum úr fjölnotasal í alvöru sýningarsal. Nafni hans var líka breytt og nú heitir hann Gallerí Gróttu. Ég fékk Kurt og Pí í lið með mér og þau bentu mér á ýmsa möguleika. Nú er búið að skipuleggja sýningar fyrir þetta ár og kominn biðlist fyrir það næsta. Ég hef líka hug á að fá viðurkennda listamenn til þess að sýna enda ekki um of mörg sýningarrými að ræða af þessu tagi á höfuðborgarsvæðinu en margir að starfa við myndlist. Mig langar einnig að nefna tónlistina. Hún verður að eiga sér samastað í safninu. Ætlunin

er að halda reglulega tónleika í tengslum við Tónlistarskólann og Kára Húnfjörð skólastjóra sem er mikill prímusmótor í tónlistarlífi á Seltjarnarnesi. Hann er ótrúlegur og stöðugt með nýjar hugmyndir á prjónunum.“ Ætlunin er að halda minningarhátíð á Seltjarnarnesi og segir Soffía að hún muni að verulegu leti snúast um bæjarlistamanninn Helga Hrafn og þau hjón sem bæði eru tónlistarfólk. „Þau hafa að mestu starfað erlendis að undanfögnu. Koma þannig úr alþjóðlegu umhverfi og flytja nýja strauma inn í tónlistarlífið og samfélagið. Svo get ég nefnt kirkjuna og tónlistarparið Björgu Þórhallsdóttur og Hilmar Agnarsson. Það er af nógu að taka hér á Seltjarnarnesi og vonandi tekst okkur að nýta bókasafnið sem best sem alhliða menningarhús á Seltjarnarnesi. Við getum ef til vill orðað það svo að við séum að færa safnið frá bókavörslu til menningarmiðlunar,“ segir Soffía Karlsdóttir að lokum.

### Nýtt í Seltjarnarneskirkju:



## Gleði- friðar- og hugleiðistund

**Gleði- friðar- og hugleiðslustund verður í Seltjarnarneskirkju með nýjum hætti fimmtudaginn 26. nóv. nk. kl. 20:00. Þá ætla Sr. Bjarni Þór Bjarnarson, Friðrik Karlsson tónlistarmaður og Stefánía Ólafsdóttir græðari að vera með friðarstund með hugleiðslu og tónlist. Að lokinni hugleiðslustund verður boðið upp á kaffi á eftir.**

Á menningarhátíð Seltjarnarness voru Friðrik og Stefánía með kyrrðarstund þar sem Friðrik flutti tónlistina sína, en hann hefur komið við á fjölbreyttan hátt í tónlistarheiminum og er m.a. löngu þekktur fyrir vellíðunar tónlist sem hann hefur samið síðastliðin 20 ár við miklar vinsældir. Stefánía hefur rekið heilsustofu Nýjaland ehf. á Eiðistorgi síðastliðin níu ár en hefur nú flutt starfsemi sína. Hún var að gefa út geisladisk með hugleiðslum sem hún hefur samið

með tónlist eftir Friðrik. Geisladiskurinn heitir Óskastund.

„Gleði, friður og hamingja er það sem við erum flest að leita að í lífi okkar en okkur gengur misjafnlega vel með,“ segir Stefánía. „Hugarró er mjög mikilvæg fyrir okkur. Að róa hugann reglulega og gera það að lífsstíl gefur þér styrk og traustan grunn til að byggja á. Það er mjög mikilvægt fyrir allt sem við stöndum fyrir. Það eykur lífsleikni okkar á allan hátt. Gefur okkur gleði, frið og hamingju.“ Stefánía segir það einlæga ósk þeirra sem standa að þessari stund í kirkjunni að íbúar Seltjarnarness eigi eftir að njóta hennar og að það verði reglulega gleði- og friðarstund með þessum hætti í kirkjunni okkar í framtíðinni. „Við hlökkum til að sjá ykkur,“ segja þau Stefánía, Friðrik og Sr. Bjarni í samtali við Nesfréttir.

## Drögum úr hraða við skóla og íþróttahús



Bæjarbúi kom að máli við Nesfréttir og vildi beina þeim vinsamlegu tilmælum til bæjarbúa að nú þegar myrkríð er skolið á að ökumenn dragi úr hraða við skóla og íþróttamiðstöð. Einnig að gefa sérstakan gaum að gangandi vegfarendum við umferðarljósín.



## VETRARSTEMNING Í REYKJAVÍKUR APÓTEKI FÓSTUDAGINN 20. NÓVEMBER KL. 13-18

RÓSA RÚNUDÓTTIR SNYRTIFRÆÐINGUR SÝNIR SPENNANDI NÝJUNGAR ÚR VETRAR- OG JÓLALÍNUM. **20% AFSLÁTTUR** MEÐAN Á KYNNINGU STENDUR.

# Mikil ánægja með sundlaugina okkar

Nú í byrjun vetrar lét Íþróttá- og tólmstundanevnd Seltjarnarness framkvæma þjónustukönnun meðal gesta Sundlaugar Seltjarnarness. Um var að ræða netkönnun sem var unnin af GALLUP en starfsfólk laugarinnar safnaði netföngum saman. Ríflega tvöhundruð og þrjátíu gestir svöruðu tuttugu spurningum en jafnframt gafst gestum kostur á að koma með ábendingar um hvað mætti betur fara, eða hrósa því sem vel er gert.

Niðurstöður könnunarinnar eru einkar ánægjulegar. Á heildina litið voru tæplega 96% svarenda ánægðir með Sundlaug Seltjarnarness. Sama á við um viðmót starfsfólks laugarinnar því 94,5% svarenda voru ánægð með þann mikilvæga þátt. Mikil ánægja var einnig með fleiri þætti, svo sem öryggi, aðbúnað allan og aðstöðu fyrir börn. Það er sérstakt fagnaðarefni enda kappkostað að gera laugina eftirsóknarverða fyrir barnafólk.

En alltaf má bæta eitthvað. Rúmlega 8% svarenda voru óánægð

með hreinlæti (World Class meðtalið) og tæplega 19% voru óánægð með opnunartíma laugarinnar. Nokkuð margir töldu að opnunartíma mætti lengja, bæði á virkum dögum og um helgar. Mikill meirihluti eða um níu af hverjum tíu voru sáttir við eða hlutlausir um aðgangseyri enda verð nokkuð lægra en í Reykjavík. Auk ofangreindra atriða komu allmargar ábendingar um ýmis atriði, stór og smá. En mest var þó um hrós gesta.

Til gamans má nefna að um 94% svarenda sögðust fara í heita pottinn og 74% syntu í lauginni. Að lokum má geta þess að 34% svarenda sögðust hafa farið oftari í laugina á síðustu 12 mánuðum en tæplega 7% sögðu að þeir kæmu sjaldnar. Obbinn af þeim sem tóku þátt í könnuninni fara um þrisvar í viku í sund þannig að fastagestir voru áberandi í könnuninni.

ÍTS þakkar þeim sem tóku þátt í könnuninni og tóku sér tíma til þess að koma á framfæri athugasemdir og hrósi til starfsfólks sundlaugarinnar. Unnið verður áfram með þær athugasemdir sem bárust. Það er afar dýrmætt að fá ábendingar og hrós frá gestum en bænum er það mikið metnaðarmál að viðhalda ánægju gesta í lauginni okkar. Haukur Geirmunds og hans fólk eiga þakkið skilið fyrir afar góða niðurstöðu úr könnuninni.

f.h. ÍTS  
Magnús Örn Guðmundsson,  
formaður



Magnús Örn Guðmundsson.



## Bókasafn Seltjarnarness 130 ára

Mikil veisluhöld verða í Bókasafni Seltjarnarness á 130 ára afmæli þess, en stofnun safnsins er rakin til fyrsta fundar Lestrarfélags Framfarafélags Seltirninga, sem haldinn var 21. nóvember 1885.

Afmælisveislan hefst föstudaginn 20. nóvember með veisluhöldum milli kl. 15-17 þar sem gestum verður boðið upp á afmælistertu. Góðir gestir koma í heimsókn og flytja afmælisvefju en heiðursgestur afmælisins er Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður. Auk hennar flytja ávörp Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Soffía Karlsdóttir formaður menningar- og samskiptasviðs og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir hjá Landsbókasafni. Í bókasafninu verður sýning á eldri ljósmyndum frá bænum og gömlu lestrarfélagsbækurnar verða sýndar. Félagar úr Selkórnum syngja, Anni Rorke leikur á píanó og gestum er boðið að taka þátt í laufléttum afmælisleik þar sem góð verðlaun eru í boði.

### Höfundar í heimsókn

Þriðjudaginn 24. nóvember er

blásið til höfundakvölds í bókasafninu þar sem rithöfundarnir Auður Jónsdóttir, Jón Kalman Stefánsson, Sigurður Pálsson og Þórdís Gísladóttir fjalla um bækur sínar. Stjórnandi höfundakvöldsins er Hildigunnur Þráinsdóttir. Í hléi verður boðið upp á veitingar.

Verðlaunahöfundurinn Bergrún Íris Sævarsdóttir, sem tilnefnd var til verðlauna Norðurlandaráðs fyrir skemmstu, leiðir börnin um ævintýraheim bókanna og les upp úr bók sinni Viltu vera vinur minn? miðvikudaginn 25. nóvember kl. 17:30. Í fyrirlestrinum fer Bergrún Íris yfir það hvernig bók verður til, frá fyrstu skissum að útgefni bók. Um er að ræða léttan og skemmtilegan fyrirlestur um starf teiknarans, barnabækur, hvað gerir karakter vel heppnaðan og ferlið í stuttu máli. Boðið verður upp á gómsætar og hollar veitingar.

Að morgni fimmtudagsins 26. nóvember lýkur afmælishátíðinni þegar Jón Gnarr rithöfundur og dagskrárstjóri býður 10. bekkinum í Való í spjall þar sem fjallað verður um bækur og fleira sem haft hefur áhrif á líf hans.



opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA  
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opnið virka daga kl. 10 - 18:30





# Hver verður næsti bæjarlistamaður ?

Í síðustu Nesfréttum var auglýst eftir Bæjarlistamanni Seltjarnarness 2016. Umsóknarfrestur rennur út 25. nóvember og verður spennandi að sjá hver hlýtur nafnbótina að þessu sinni en valið fer fram í janúar á næsta ári.

Mikið hefur kveðið að Bæjarlistamönnum bæjarins en skemmst er að minnst menningarviðburða sem núverandi bæjarlistamaður Helgi Hrafn Jónsson, stóð fyrir í Lækningaminjasafninu og í Félagsheimilinu með þátttöku fjölmargra samstarfsmanna sem starfað hafa með honum hérlendis og erlendis á síðustu Menningarhátið. Nánari upplýsingar um umsóknarferlið er að finna á heimasíðu bæjarins en meðal þess sem listamanninum stendur til boða er starfsstyrkur að upphæð ein milljón króna.



## Umferðarmerki og önnur skilti í Seltjarnarnesbæ

Þjónustumiðstöð Seltjarnarness tók út og yfirfór í sumar öll umferðarskilti innan bæjarmarkanna. Sum voru endurnýjuð, önnur lagfærð og hæðir skiltanna samræmdar. Átakið var liður í því að tryggja öryggi akandi og gangandi vegfarenda en bærinn hefur það að reglu að yfirfara öll umferðarskilti með jöfnu millibili.



Nú þegar er hafinn undirbúningsvinna sem felur í sér að upplýsingaskilti bæjarins fái heildræna ásýnd og innbyrðis samræmingu.

Seltjarnarnesbær hvetur þá sem vita um eða verða varir við annmarka á skiltum að hafa samband við þjónustuver sem kemur ábendingunni til skila.

## Tannlæknir

Eftir 22 farsæl ár á Stórhöfðanum hef ég flutt tannlæknastofuna á **Sólvallagötu 84 við Ánanaust.**

*Sama Kiddý, sama Karen og sami Kalli.....bara önnur staðsetning.*

Tímapantanir í síma **561 5060**

Karl Guðlaugsson, tannlæknir og MPM

# NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188



# Öll rúnstykkki á

# 80 kr.

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - [www.bernhoftsbakari.is](http://www.bernhoftsbakari.is)

# Samheldnin einkennir skóla- og ungmennastarfið

**Ó**lína Thoroddsen tók við starfi skólastjóra Grunnskóla Seltjarnarness um mánaðamótin september október síðast liðinn. Hún tók við skólastjórnuninni af Guðlaugu Sturludóttur sem tók við starfi skrifstofustjóra grunnskóla á skóla og frístunda sviði Reykjavíkurborgar og mun Ólína gegna skólastjórastarfinu út skólaárið. Ólína er vel kunnug skólastjórastarfinu þar sem hún gegndi því í afleysingum skólaárið 2013 til 2014 og hefur auk þess starfað við stjórnun skólans til fjölda ára sem aðstoðarskólastjóri. Í vetur verður staða skólastjóra auglýst og stefnt að ráðningu nýs skólastjóra frá 1. júní 2016. Ólína er uppalin á Seltjarnarnesi en býr nú vestast í Vesturbæ Reykjavíkur og segir að fyrir sér séu bæjarmörkin nánast ósýnileg. Hún spjallar við Nesfréttir að þessu sinni.

„Nei – ég er ekki fædd á Seltjarnarnesi þótt ég líti að nokkru á mig sem Seltirning. Ég er fædd á Barónstígnum á horninu á Leifsgötu og átti heima þar fram að 12 ára aldri. Ég gekk því í Austurbæjaskólann, þann stóra og myndarlega skóla sem byggður var af mikilli framsýni á sínum tíma, en var síðustu þrjú árin af grunnskólagöngunni í Mýrarhúsaskóla. Ég útskrifaðist þaðan 1973 en starfsemi Valhúsaskóla hófst árið eftir 1974. Þaðan lá leiðin í MR. Þangað fóru flestir krakkar af Seltjarnarnesi á þeim tíma en nokkur fóru í Versló. Um aðra skóla var vart að ræða. Mennta-skólinn við Hamrahlíð var komin til sögunnar en MR var nokkurskonar hverfisskóli Vesturbæjarins og Seltjarnarness. Og svo tók Kennaraháskólinn við. Ég velti námsbrautum ekki mikið fyrir mér á þessum tíma en fannst kennslan spennandi starf. Ég hafði aðeins prufað að kenna á síðasta árinu mínu í MR og fannst kennslan eiga vel við mig. Því fannst mér kennaranámið liggja beinast við. Ólína starfaði í banka á námsárum sínum og að nokkru eftir að hún fór að kenna. „Þegar ég byrjaði að kenna var þriggja mánaða frí á sumrin. Maður leitaði þá gjarnan



Ólína Thoroddsen, skólastjóri Grunnskóla Seltjarnarness.

eftir öðru og gat stundum náð allt að tveimur mánuðum í annarri vinnu án þess að sleppa því að taka sumarfrí. Ég leitaði því stundum á minn gamla vinnustað Búnaðarbankann í Austurstrætinu og starfaði þar á sumrin um nokkurt skeið. Nei – það hvarflaði þó aldrei að mér að gerast bankamaður að ævistarfi. Kennslan var meira gefandi og heillaði mig og ég sótti um kennslustarf við Mýrarhúsaskóla haustið 1980 og hef verið þar síðan eða í 35 ár. Þótt ég hefði aðeins gripið í kennslu þá kom ég beint úr skóla. Mér fannst ég vera uppfull af reynslu en var í raun nánast reynslulaus á starfsvettvangi og rak mig fljótt á ýmsa vegg. Páll Guðmundsson var þá skólastjóri í Mýrarhúsaskóla og reyndist mér afskaplega vel. Hann var þekktur fyrir að taka vel á móti

nýju fólki og hjálpa því af stað. Ætli ég hafi ekki verið svona tvö ár að sjóast en tel mig heppna að hafa komið til starfa við Mýrarhúsaskóla og fengið tækifæri til þess að starfa með góðu fólki.“

## Samheldni einkennir skóla- og uppeldisstarfið

Vegna óslitinna starfa við Mýrarhúsaskóla kveðst Ólína ekki búa yfir samanburði við aðra skóla eða byggðir en Seltjarnarnes. „Það sem mér hefur fundist einkenna skólastarfið og alla umgjörð um krakkana á Seltjarnarnesi er hversu samheldnin er mikil – hversu vel er haldið utan um alla hluti á Nesinu. Byggðin er nánast eins og lítið þorp þar sem allir þekja alla og allir hjálpast að. Seltjarnarnes býður því upp á kjöraðstæður að flestu

*Kennslan var meira gefandi og heillaði mig og ég sótti um kennslustarf við Mýrarhúsaskóla haustið 1980*

leyti. Nálægðin er mikil. Nánast öll aðstaða er á sama stað. Skólinn, tónlistin, frístundaaðstaðan, félagsstarfið og íþróttastarfsemin og vegalengdirnar svo stuttar að flest börn geta gengið í skólann og frístundaiðkunina. Þau þurfa ekki að sækja neitt út fyrir Nesid fyrr en framhaldsskólinn tekur við sem ég held að sé mikill kostur fyrir uppeldið. Samheldnin verður meiri og tíminn nýttist mikið betur þegar ekki þarf að eyða honum í skutl eða lengri ferðalög á milli staða. Ég hef líka heyrt að jafnaldrar af Seltjarnarnesi haldi oft hópinn eftir að grunnskólastarfinu lýkur og framhaldsskólinn er tekinn við og jafnvel lengra út í lífið. Það myndast tengsl í skólanum, félagsstarfinu og íþróttunum sem halda þótt krakkarnir dreifast í mismunandi skóla því nú eru komnir fleiri framhaldsskólar og krakkar af Nesinu fara ekki lengur nær öll í MR.“

## Tónlistarskólinn og Selið hafa gert mjög góða hluti

Ólína minnst sérstaklega á Tónlistarskólann og Selið. „Mér finnst þessar stofnanir hafa gert mjög góða hluti við að halda utan um ungmennin á Seltjarnarnesi og mörg þeirra hafa notið ákaflega góðar leiðsagnar. Seltjarnarnesbær er orðinn þekktur fyrir mikið tónlistarlíf og margt tónlistarfólk hefur komið þaðan. Án nokkurs vafa á Tónlistarskólinn og stjórnendur hans í gegnum árin mikill hlutur að því máli. Og svo má ekki gleyma Gróttu sem stendur ekki aðeins fyrir fjölbreyttu íþróttalífi heldur einnig góðu og öfluglu barna- og ungmennastarfi. Maður verður ekki var við hangs eins og það er stundum kallað þegar krakkar safnast saman við

staði á borð við sjoppur vegna þess að þau hafa ekkert við að vera. Það sést ekki á Eiðstorginu miðbæjarsvæði Seltirninga og ég hygg að það sama eigi við um aðra staði í bænum. Krakkarnir hafa einfaldlega nóg að gera í íþróttum, félagsstarfi og öðru sem þeim stendur til boða. Við höfum líka verið með öflugt forvarnarstarf á Seltjarnarnesi sem hefur skilað því að samkvæmt könnunum sem Rannsókn og greining hefur gert að vímuefnaneysla er nær óþekkt á meðal ungmenna á Nesinu. Seltjarnarnes hefur einnig skorað hátt í öðrum könnunum og eitt af því sem mér finnst einkenna skólalastarfið er öflugt foreldrarstarf og góð samvinna foreldra og skóla.“

### Mikilvægt að börn lesi árið um kring

Vart verður skilið við Ólínu án þess að minnst á mál málanna í skólum landsins þessa dagana og misserin. Það er lesturinn. Hún segir sláandi upplýsingar að ungmenni séu ekki nægilega fær í lestri og geti jafnvel ekki lesið sér til gagns komin á unglingsár. Hún vísar síðan að Seltjarnarnesi að þessu leyti og

segir Seltjarnarnesbæ hafa ýtt verkefninu „Læsi er lykilatriði“ af stað. Hún segir markmiðið með því vera að bæta árangur nemenda í lestri og efla lestrarargetu barna og ungmenna. „Þetta verður meðal annars gert með því að auka samfellu í lestrarkennslu og efla nám í lestri á milli leik- og grunnskóla. Einnig er ætlunin að miðla fræðslu um þróun málþroska til foreldra. Við þurfum að efla þennan þátt fræðslustarfsins og stefnum að því að fræða foreldra leikskólubarna um málörvun og byrjendalæsi. Ég held að mikilvægt sé fyrir börn og ungmenni að stunda lestur allt árið um kring en ekki aðeins þann tíma sem skólalastarfið stendur yfir.

### Bókasafnið hefur hlutverk

Ólína segir að bæði skólaskjólíð og bókasafnið á Seltjarnarnesi muni koma að þessu með skólaskrifstofunni og grunnskólanum. „Fyrir mína parta þá lít ég svo á að Bókasafn Seltjarnarness sé mikilvægur samstarfsaðili í verkefninu og ætlunin er að auka samstarf stofnana innan bæjarins. Að þessum á að vinna með því að

**Fyrir mína parta þá lít ég svo á að Bókasafn Seltjarnarness sé mikilvægur samstarfsaðili í verkefninu og ætlunin er að auka samstarf stofnana innan bæjarins. Að þessum á að vinna með því að fjölga heimsóknum barna og ungmenna á safnið.**

fjölga heimsóknum barna og ungmenna á safnið. Það er hægt að skipuleggja reglubundnar heimsóknir nemenda þangað þar sem unnið verði að það að kveikja og auka við áhuga þeirra á bókum og lestri og þá ekki síst lestri utan starfstíma skólanna. Í safninu er hægt að kynna krökkunum hvað er í boði og aðstoða þau við að velja lestrarrefni sem geti farið nokkuð eftir áhugasviðum þeirra. Þá er áfram stefnt að bjóða sumarlestur sem hefur það að markmiði að

viðhalda og auka lestrarfærni barna yfir sumartímann.“

### Bæjarmörkin óljós fyrir mér

Þótt Ólína sé alin upp á Seltjarnarnesi frá 12 ára aldri þá býr hún hinum megin bæjarmarkanna eins og sagt er við Holtsgötuna í Vesturbænum í Reykjavík. „Gamli Vesturbærinn í Reykjavík er að mörgu leyti svipaður Seltjarnarnesi. Nálægðin er þó ekki eins mikil og samfélagið tvístraðra. Fyrir mér eru bæjarmörkin næsta óljós. Ég væri ekkert að velta þeim fyrir mér ef ég vissi ekki hvar þau eru. Ég er um þrjár mínútur að aka að heima og í vinnuna og um korter að ganga ef ég vel þann samgöngumála. En fyrir mig getur verið ágætt að fara út af Nesinu. Það getur verið gott fyrir þá sem annast uppeldisstörf, kennara og ég tala ekki um skólastjórana að eiga sér athvarf utan við starfssvæði sitt. Í þeirri nánd sem finna má á Seltjarnarnesi er hætt við að persónan renni saman við starfið í augum og hugum fólks. Þá er hætt við að maður slaki ekki á frá vinnunni. Hún mæti manni í hverju fótmáli. En Seltjarnarnes er yndislegur staður til þess að búa og mannlífið er gott.“

## Tímalaus hönnun í jólapakkann



Jöklaskálar  
lítil 5.900.-  
stór 7.900.-



Sultuskeið  
6.900.-



Ostahnifur  
6.900.-



Salattöng  
13.900.-



### Margverðlaunuð kortavaski frá Secrid í miklu úrvali

\* Fyrirferðarlítill og flott veski fyrir alla  
\* Framleidd úr gegnheilu áli sem ver  
kortin þín fyrir hnjaski og gagnabjórnaði

Verð frá 6.300.-



Jens

Kynsléð eftir kynsléð



Kökuhnifur  
12.800.-

# Helgistund á hinum forna stað Neskirkju við Seltjörn

Sunnudaginn 13. júní fór fram helgistund á gamla kirkjustæðinu við Nesstofu. Fyrri hluti helgi- stundarinnar var úti þar sem kirkjurnar í Nesi við Seltjörn stóðu hver af annarri frá því á 12. öld og til ársins 1799. Á þessu ári eru 230 ár síðan síðasta kirkjan í Nesi var vígð, en það var árið 1785 og stóð sú kirkja aðeins í 14 ár. Síðari hlutinn fór svo fram inni í Lyfjafræðisafninu.

Sr. Bjarni minntist sérstaklega þeirra sem lagðir voru til hinstu hvílu í kirkjugarðinum við Nesstofu, en hann var í notkun fram á annan tug 19. aldar að minnsta kosti. Nefnd á vegum sóknarnefndar hefur lagt til að svæði sunnan við Nesstofu verði afmarkað fyrir nýjan kirkjugarð, en jafnframt hefur sóknarnefnd hug á að gera skrá yfir þá sem hvíla í hinum forna kirkjugarði. Þar voru jarðsettir auk Seltirninga sjómenn sem fórust við Gróttu eða nágrenni hennar. Það má reyndar segja að ekki sé vansalaust að ekki sé betur haldið um minningu þeirra sem hvíla í gamla kirkjugarðinum. Víða um land hefur það til dæmis verið metnaðarmál að heiðra minningu látinna sjómanna með því að merkja gamla kirkjugarða og skrá nöfn þeirra sem þar hvíla. Er kannski tímabært að við Seltirningar gerum eitthvað slíkt?

Séra Bjarni minntist sérstaklega á klukknaportið sem stóð við kirkjuna í Nesi, en því lýsir Hannes



Finsson biskup svo, en hann vísiteraði Neskirkju árið 1791, eins og greint er frá í Seltirningabók Heimis Þorleifssonar:

„Neskirkja hin nýja var í 8 stafgólfum, öll gerð af timbri, en fram af henni var sérbyggt klukknaport, sem átti fáa sína líka og bar

það hæst, þegar menn komu að staðnum. Það var litlu minna að formi en kirkjan sjálf en 3 hæðir og toppur upp af, alls vel á 16. alin (u.þ.b. 10 metrar – innkot GE) á hæð. Uppi á klukknaportinu blasti við vindhafi, úthöggvinn í kopar og sat á járnstöng, sem þrjár kúlur eða smáhnettir voru festir við. Inni í portinu var stigi til þess að ganga upp í neðstu etagu portsins og þaðan frá annar laus til þess að stíga hærra. Fyrir portinu voru vængjahurðir á hjörum með skrá, lykli og sterkum, löngum járnkrókum og lykkjum til að skorða hurðarvængina með, þegar þeir stóðu opnir.“

Rótarýklúbbur Seltjarnarnes lét reisa súlu á hinu gamla kirkjustæði til minningar um hana. Kannski mætti bæta um betur og reisa eftirlíkingu af klukknaportinu gamla, annað hvort á hinu gamla kirkjustæði eða sunnan við Nesstofu þar sem tillaga er um nýjan kirkjugarð.

Alls voru það 75 manns sem tóku þátt í helgiathöfn við Nesstofu og í Lyfjafræðisafninu. Fjórir félagar úr Kammerkórnum leiddu safnaðarsöng og Friðrik organisti lék undir á harmoníku. Var til þess tekið hve vel sálmasöngur og harmoníkuundirleikur hljómuðu í sal safnsins. Bestu þakkir til safnstjórnarinnar fyrir lánið á salnum.

Guðmundur Einarsson.

## Aðalfundur framundan?

**Heildarlausn í rekstri húsfélaga.**



www.eignausmsjon.is  
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

## Heilsugæslan á Seltjarnarnesi

Heilsugæslan á Seltjarnarnesi flytur aftur á Suðurströnd, 7. desember eftir ársdvöl á Landakoti.

Lokað verður vegna flutninga frá kl. 12:00 fimmtudaginn 3. desember. Stefnt er að því að opna aftur á hádegi mánudaginn 7. desember.

Við hlökkum til að taka á móti skjólstaðingum okkar í endurbættu húsnæði stöðvarinnar.

# Selkórinn með jólatónleika 6. desember

Selkórinn æfir nú af kappi fyrir jólatónleikana sína sem verða sunnudaginn 6. desember kl. 16:00 í Seltjarnarneskirkju. Sungin verða ýmis lög, bæði jólalög og önnur verk sem tilheyra þessum skemmtilega tíma á aðventunni. Kórinn hefur fengið til liðs við sig sópransöngkonuna Mariu Jónsdóttur og tvo flautuleikara sem munu spila með og auka fjölbreytnina á tónleikunum. Stjórnandi kórsins er Oliver Kentish, en auk þess að stjórna Selkórnum, stýrir hann einnig Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, sem æfir og heldur reglulega tónleika í Seltjarnarneskirkju.

Óhætt er því að segja að kórinn sé heppinn að njóta krafta Olivers hér á Nesinu, en auk þess að stjórna Selkórnum og Sinfóníunni, og kenna tónlist í Reykjavík, gerir hann töluvert af því að semja tónverk. Á tónleikunum í Seltjarnarneskirkju verður



Frá æfingu Selkórsins.

frumflutt eitt slíkt verk, sem hann hefur samið sérstaklega fyrir Selkórinn. Í hléi munu kórfélagar bjóða tónleikagestum að smakka á uppáhalds jólasmákökunum sínum með kaffisopa. Það er því tilvalið fyrir Seltjarnarnesbúa

að fjölmenna á tónleika í byrjun aðventu og komast í gott jólaskap. Aðgöngumiða á tónleikana er hægt að nálgast hjá kórfélögum, en einnig við innganginn á tónleikana.

Verðið er kr. 3.000.- en frítt fyrir börn.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

3ja ára  
ábyrgð

Vandaðir  
krossar á leiði!

JS LJÓSMÍÐJAN  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVELAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands



## Gjafin sem gefa!



### Íslenska FLOTHETTAN!

Nú með nýju myndri  
eftir Sigga Eggertsson.

Án efa notalegasta  
jólaljögfin!



### Nærandi MÖNTRUARBÖND!

Orð eru til alls fyrst.  
Silfruð & gyllt.

Á konur og karlmenn.



### Lífræn, frönsk og HEILANDI!

Dr. Bach eru ekta þriggja laga  
lífræn frönsk ilmvoðn sem  
ýmist færa ró, gefa orku, auka  
sjálfstraust, endurnæra og/eða  
fínstilla jafnvægið.  
Hentar líka þeim sem ekki  
þola ilmvoðn.



## Ekkert toppar MANDUKA!

Manduka PRO og eKO jógadýnur  
í mörgum litum og stærðum.

Einnig jógaþandklæði, -púðar, --kubbar,  
-töskur, -bönd ofl. fylgihlutir.

Manduka gefur tóninn í jógaheiminum.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI  
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.  
[www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
Sími: 511 6367

### AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8:30 - 18  
Laugardagar 10 - 16

# Bænastundir í Seltjarnarneskirkju



Bænastundir verða haldnar í Seltjarnarneskirkju alla föstudagsmorgna kl. 8.30. Hugsunin á bak við þessa tímasetningu er sú, að fólk geti komið við í kirkjunni, ef það er til dæmis á leið til vinnu, og átt saman góða og uppbyggilega stund í kirkjunni.

Hver stund tekur tíu til fimmtán mínútur. Eftir stundina býður kirkjan upp á kaffi og meðlæti, þar sem fólk getur spjallað eins og tími þess leyfir. Fyrsta morgunstunden verður föstudaginn 27. nóvember kl. 9.30. Allir eru hjartanlega velkomnir til þess að eiga „morgunstud sem gefur gull í mund.“

## ÁSKORUN UM AÐ FJARLÆGJA ÓSKILAMUNI Á OPNUM SVÆÐUM



Seltjarnarnesbær skorar á þá sem eiga og/eða gera tilkall til muna þeirra sem sjást á meðfylgjandi ljósmyndum og staðsettir eru á opnu svæði við hús Björgunarsveitarinnar við Suðurströnd 7 að fjarlægja þá hið fyrsta eða eigi síðar en 1. janúar 2016.

Munirnir verða fjarlægðir af áhaldahúsi að loknum framangreindum fresti og þeim fargað. Jafnframt er skorað á þá sem eiga eða gera tilkall til muna sem hafa verið skildir eftir á öðrum opnum svæðum bæjarins að fjarlægja þá hið fyrsta.



Á myndinni eru Ingileif, Áslaug og Sigrún Thorlacius ungar að árum, en Ingileif lést langt fyrir aldur fram árið 2010.

## Systur fjalla um vatnið á sýningu í gallerí Gróttu

Farvegir vatns kallast sam-sýning þriggja systra sem nú stendur yfir í Gallerí Gróttu. Þetta eru þær Ingileif, Áslaug og Sigrún Thorlacius. Þær hafa allar fengist við myndlist í gegnum árin auk þau þess að hafa átt samleið í gegnum skóla á lífsleiðinni. Þær völdu þó ólíkar leiðir þegar kom að háskólanámi og hafa starfað á ólíku sviðum þótt myndlistin hafi aldrei verið lagt undan. Þetta er í fyrsta skipti sem þær sýna verk sín saman.

Vatnið er rauður þráður í höfundarverki Ingileifar, bæði sem myndefni og miðill. Við upphaf ferils síns málaði hún stór olíumálverk af vatni í stríðum straumum. Með tímanum sneri hún sér æ meir að vatnslit. Um leið varð myndefnið naumara og litunum fækkaði. Síðustu verkin hennar eru einföld rannsókn á ferðalagi vatnsins um pappirinn. Myndirnar

á sýningunni falla í þann flokk. Verk Sigrúnar er hugvekja um votlendi. Íslendingar hafa ræst fram mýrar af miklum ákafa og þurrkað upp meirihluta votlendissvæða á láglandi í nafni landnýtingar. Hnattræn áhrif þessara aðgerða eru mun meiri en flestir gera sér grein fyrir. Á sýningunni túlkar hún vísindalegar niðurstöður íslenskra sérfræðinga. Með því vill hún vekja til umhugsunar um hvar við stöndum og hvert við stefnum í meðferð og nýtingu vatns, lands og náttúrugaða

Áslaug notar teikninguna sem rannsóknartæki. Með henni lærir hún ekki eingöngu að þekkja yfirborðið heldur öðlast hún djúpa persónulega vitneskju um innri gerð viðfangsefnisins. Hún sýnir blýantsteikningar og röð blekmynnda af vestfirskum fjallahviltum, giljum og klettabeltum sem vatn og aðrir kraftar náttúrunnar hafa mótað.



**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

# Flóamarkaður í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 6. des

Sunnudaginn 6. desember verður opnaður flóamarkaður að lokinni guðsþjónustu sem hefst kl. 11.

Á boðstólum verður ýmiss varningur nýr og notaður á afar hagstæðu verði. Allur ágóði af sölunni rennur til margs konar viðhaldsverkefna á Seltjarnarneskirkju.

Við erum að undirbúa flóamarkaðinn um þessar mundir og þiggjum með þökkum hvað svo sem fólk vill gefa okkur. Því meira úrval af hinum fjölbreytilegasta varningi því betra. Ef Seltirningar luma á einhverju af gömlum lagerum erum við tilbúin að þiggja allt slíkt með bros á vör.

Með bestu kveðjum, sóknarprestur og sóknarnefnd.



*Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar  
Til styrklar kirkjusjóði Seltjarnarneskirkju  
Þau fást á Þingarskrifstofu Seltjarnarness  
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100*



Rauda Ljónið  
síðan 1989

HEITUR MATUR  
Í HÁDEGINU  
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ  
*eða*  
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

Coca-Cola

# HÁRSAGA

Hótel Sögu - Hagatorg 1



Sigrún



Sandra



Sandra Dís



Kristín



Kristbjörg



Ingunn



Brynhildur

Við bjóðum fyrsta flokks þjónustu fyrir  
dömur, herra og börn á öllum aldri.

Kíktu við eða pantaðu tíma  
í síma **552 1690**.

*Við hlökkum til að sjá þig!*

# HÁRSAGA

Afgreiðstími: Mán. - fös. 9-18 • Laug. 10-16

Tímapantarnir: 552 1690

## FÉLAGSSTARF ELÐRI BÆJARBÚA Á SELTJARNARNESI

### Vel heppnuð

#### „Óvissuferð“

Fimmtudaginn 22. október sl. stóðu félagsstarf eldri bæjarbúa og kirkjan fyrir sameiginlegri ferð í Reykholt í Borgarfirði. Á fimmta tug manna og kvenna tók þátt í ferðinni sem í senn var skemmtileg og fræðandi.



Systkinin Guðmundur og Steinunn Einarsbörn sáu um fararstjórn í rútunni en þau voru alin upp í Reykholt og höfðu frá morgu að segja. Sr. Geir Waage sá svo um leiðsögn um um svæðið sem var bæði fróðleg og skemmtileg. Dýrindis hádegisverður var snæddur á Fosshótelinu á staðnum. Veðrið var eins og best verður á kosið, logn og sól og haustlitirnir skörtnuðu sínu fegursta.

Pegar þessi pistill er skrifaður er ýmislegt framundan í félagsstarfinu og ekki víst að blaðið verði komið út áður en sumt af því heyrir sögunni til.

**Miðvikudaginn 11. nóvember** kl. 13.30 – 15.30 verður Avon-kynning í salnum á Skólabraut.

**Fimmtudaginn 12. nóvember.** Bingó í Golskálanum kl. 14.00.

**Þriðjudaginn 17. nóvember.** Félagsvist í salnum Skólabraut kl. 13.30.

**Fimmtudaginn 19. nóvember.** „Óvissuferð“ Hvalasafnið og kaffi í Víkinni. Skráningarblið liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri. Síðasti skráningardagur er mánudagurinn 16. nóvember. Farið frá Skólabraut kl. 13.15. Verð kr. 3.500. (Rúta, aðgangseyrir Hvalasafnið og kaffi og með því í Víkinni.)

**Mánudaginn 23. nóvember.** Afrek kvenna í aldanna rás. Gunnhildur Hrólfsdóttir les upp úr bók sinni „Þær þráðinn spunnu „ í salnum á Skólabraut kl. 13.30.

**Miðvikudaginn 25. nóvember** kl. 20.00. Gaman saman í Selinu. Samvera yngri og eldri. Allir velkomnir.

**Fimmtudaginn 3. desember** kl. 13.30. Félagsvist í salnum á Skólabraut.

**Miðvikudaginn 9. desember.** Hótel Ör. Allar nánari upplýsingar hjá Kristínu í síma 8939800.

**Fimmtudaginn 10. desember** kl. 13.30. Jóla-Bingó í salnum á Skólabraut.

**Fimmtudaginn 17. desember** kl. 14.30. Söngur og súkkulaði á aðventunni. Samverustund í aðdraganda jólnanna.

**Ath. áður auglýstur jólamatur í kirkjunni 15. desember fellur niður.**

Allir aðrir liðir félags og tómstundastarfsins eru á sínum stað og tíma skv. gula dagskrárblaðinu eins og t.d. **Kaffikrókur** alla virka daga kl. 10.30. **Jóga** alla mánudaga og fimmtudaga kl. 11.00. **Handavinna** í salnum Skólabraut alla mánudaga og miðvikudaga kl. 13.00. **Karlakaffi** í safnaðarheimili kirkjunnar alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14.00. **Billjard** alla mánudaga og fimmtudaga í Selinu kl. 10.00. **Botsía** í Gróttusal alla miðvikudaga kl. 10.00 og söngur í salnum á Skólabraut alla föstudaga kl. 13.00. **Timburmenn** í Valhúsaskóla alla miðvikudaga kl. 13.00. Sameiginlegar samverustundir félagsstarfsins og kirkjunnar eru á Skólabraut annan þriðjudag í mánuði kl. 13.30 og í kirkjunni síðasta þriðjudag í mánuði kl. 11.00.

Síðasta miðvikudag í hverjum mánuði er „**Gaman saman**“ í Selinu kl. 20.00 en það er samverustund eldri borgara og unga fólksins. Engin skráning er nauðsynleg í ofantalda dagskrárliði félagsstarfsins. Eingöngu er nauðsynlegt að skrá sig á námskeiðin í gleri, leir, listasmíðju og bókbandi, ferðalög og á skemmtanir. Ath. Bónus býður upp á akstur annan hvern föstudag. Farið frá Skólabraut kl. 9.45 og frá Bónus kl. 11.00. Nýta má ferðina í banka í leiðinni.

**SKAPANDI SKRIF.** Nú hefur tekist að fá leiðbeinanda til að halda námskeið í skapandi skrifum. Ef næg þátttaka fæst þá verður sett af stað námskeið eftir áramót. Skapandi skrif er skemmtilegt og hvetjandi námskeið í því skyni að fá fólk til að koma hugsunum sínum á framfæri og skrifa. Kennar eru margvíslegar aðferðir sem kveikja hugmyndir að ritsmíðum. Skráning og allar nánari upplýsingar hjá Kristínu í síma 8939800.

## UMHVERFISHORNID

### Nýtnivikan

Nýtnivikan verður haldin hér á landi vikuna 16. - 24. nóvember en markmið vikunnar er að draga úr myndun úrgangs og hvetja fólk til að nýta hluti betur. Vikan er samevrópsk og er ætlað að vekja fólk til vitundar um nauðsyn þess að draga úr magni úrgangs m.a. með því að lengja líftíma hluta, samnýta hluti og stuðla almennt að því að hlutir öðlist framhaldslíf frekar en að enda sem úrgangur.



Daglegar venjur hvers og eins hefur áhrif á umhverfið. Til dæmis er hægt að draga verulega úr pappírsúrgangi með því að afþakka fjöldapóst, endurnýta gjafapappír og draga úr prentun. Úrgangur frá heimilum á Seltjarnarnesi sem ekki er flokkaður frá og endurnýttur eða endurnotaður er urðaður í Álfnesi.

Vikan verður helguð meiri nýtni á pappír og að dregið sé úr myndun pappírsúrgangs. Vikan er líka tækifæri okkar til að skora á önnur sveitarfélög, fyrirtæki, vini og ættingja til að vinna verkefni sem tengjast nýtni og draga úr bruðli og úrgangi í samfélaginu.

Seltjarnarnesbær hvetur til betri nýtingu hluta og vitundarvakningar um að nýta og njóta þess sem í kringum okkur er. Hér að neðan eru nokkur heilræði sem hægt er að styðjast við.

**NÆGJUSEMI.** Skoðaðu vandlega hvort þörf er fyrir viðkomandi vöru áður en hún er keypt. Sumir segja að það sé góð regla að bíða í 30 daga ef þörfin er enn til staðar þá má fyrst skoða málið að alvöru.

**NÝTNI.** Hér áður var nýtni svo mikil að engu mátti henda sem að gagni gat komið. Nýttu vel það sem keypt hefur verið, það er gott fyrir budduna og umhverfið. Á vef Kvenfélagsambands Íslands [www.leidbeiningastod.is](http://www.leidbeiningastod.is) má finna ýmis ráð til að nýta betur mat, viðhalda húsbúnaði, ná blettum úr fötum og margt fleira nytsamlegt.

**MINNI UMBÚÐIR.** Veldu vörur sem hafa viðaminni umbúðir en aðrar og vörur í umbúðum sem auðvelt er að flokka og skila til endurvinnslu. Með því skapar þú sem neytandi eftirspurn eftir slíkum vörum.

**ENDURUNNAR OG UMHVERFISMERKTAR VÖRUR.** Margar vörur innihalda endurunnar afurðir, með því að velja fremur slíkar vörur hvetur þú til endurvinnslu. Umhverfismerktar vörur eru einnig í boði í mörgum verslunum. Kynntu þér umhverfismerkingar á [www.ust.is](http://www.ust.is)

**ENDURNOTKUN – FJÖLNOTA VÖRUR.** Við framleiðslu og flutning á flestum vörum sem við kaupum hafa losnað gróðurhúsalofttegundir. Með því að nota taupoka við innkaup í stað plastpoka sparar þú orku og auðlindir sem fara í að framleiða pokana.

**JARÐGERÐ.** Með því að jarðgera matarleifar á réttan hátt og annað sem fellur til af lífrænum úrgangi í garðinum og á heimilinu getur þú dregið úr urðun og fengið um leið góðan lífrænan áburð til að nota í garðinum.

Heimildir: Hrönn Hrafnadóttir.

F.h. umhverfisnefndar Seltjarnarness  
Margrét Pálsdóttir, formaður.



# Tónleikar Tinu og Helga Hrafns fá fullt hús hjá Óla Palla



Poppsnillingarnir Óli Palli og Andra Jóns voru yfir sig hrifnir af tónleikum Tinu Dickow og Helga Hrafns sem haldnir voru í Félagsheimili Seltjarnarness á Menningarhátíðinni um miðjan október. Óli Palli gaf tónleikunum og umgjörðinni allri tíu í einkunn í Facebook færslu að tónleikum loknum, en færslan er hér að neðan:

„Það er mikið gert af því af því – ekki síst á Facebook, að segja hvað allt sé frábært. Það eru allir svo góðir og fallegir og allur maturinn sem fólk borðar svo frábær og allir á svo frábærum tónleikum og svo framvegis. En ég segi það satt – ég var á litlum lágstemmdum tónleikum í kvöld í félagsheimilinu á Seltjarnarnesi með bæjarlistamanni Seltjarnarness 2015, Helga Hrafni Jónssyni og hans konu – hinni dönsku Tinu Dico - og það var bara alveg

hrikalega frábært,“ segir Óli Palli og hendur áfram. „Það var allt svo gott – allur flutningur, allt sem var sagt, ljósin svo passleg, sáandið svo frábært – lögin góð, söngurinn frábær, Tina og Helgi, trommarinn, bassa- og gítarleikarinn, - raddirnar þeirra allra fjögurra í bandinu runnu saman í svo magnaða heild og spilamennskan var svo passleg og þegar upp var staðið var þetta alveg upp á 10. Það var ekki of mikið af neinu, ekki of lítið heldur. Mikið erum við sem vorum þarna í kvöld heppin – að hafa verið nákvæmlega þar. Þetta var eitthvað svo „almennilegt“ eins og hún Andrea Jónsdóttir vinkona mín sem var með mér sagði svo skemmtilega. Takk fyrir mig – frábært,“ segir Óli Palli á Facebook.

# Snyrtistofan Leila fær til sín Guerlain

Snyrtistofan Leila Eiðistorgi hefur fengið til sín hið glæsilega Franska snyrtivörumerki Guerlain.

Laufey Birkisdóttir snyrtifræðingur þekkir þetta vörumerki mjög. Laufey seldi merkið á Guerlain snyrtistofu sinni á Óðinsgötu í mörg ár. Guerlain vörurnar eru heimspæktar snyrtivörur í hæsta gæðaflokki. Laufey Birkisdóttir hefur beðið í nokkurn tíma eftir að geta boðið sínum kúnum Guerlain. Laufey segir

að það sé allt að fyllast hjá sér fyrir jól í allskonar meðferðir og gjafakassar og gjafakortin sívinsæl.



Laufey Birkisdóttir snyrtifræðingur.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996



Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNLSA

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

**Vandaðir krossar á leiði!**

3ja ára ábyrgð

**JS LJÓSA SMÍÐJAN**  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVÉLAVARÞJÓNUSTAN

Skemmuvegji 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

**JÓLAD GATAL**

Fáðu þér eintak og skreyttu það með 24 Happaþrennum

**HAPPA ÞRENN**  
Skemmtilegt að skafa!



## Guðfinna braut blað á uppskeruhátíðinni

Glæsileg uppskeruhátíð knattspyrnudeildar fór fram í hátíðarsal Gróttu í október. Þar fóru þjálfarar deildarinnar yfir sannarlega viðburðaríkt keppnistímabil og áttu góða stund með þeim fjölmörgu iðkendum og foreldrum sem mættu á svæðið.

Þjálfararnir Jens Elvar Sævarsson og Bjarki Már Ólafsson voru klappaðir upp en tvímenningarnir munu ekki þjálfra áfram hjá Gróttu, í bili að minnsta kosti, og var þeim þakkað fyrir vel unnin störf. Yngstu iðkendurnir fengu viðurkenningarskjöl og veitt voru einstaklingsverðlaun í eldri flokkum. Ísbjarnarbikarinn var veittur í 12. sinn yngri flokka leikmanni ársins hjá Gróttu. Guðfinna Kristín Björnsdóttir hlaut þennan mikla heiður að þessu sinni og varð þar með fyrsta stelpan í sögunni til að hljóta Ísbjarnarbikarinn. Guðfinna var á árinu fyrirliði 2. flokks Gróttu/KR og æfði



Guðfinna Kristín Björnsdóttir.

sömuleiðis með meistaraflokki hjá KR í Pepsi-deildinni. Glæsilega gert hjá Guðfinnu og vonandi munu fleiri stelpur fylgja í kjölfarið á næstu árum.



Sigurveggarar í liðakeppni í 5. þrepi 10 ára á Haustmóti FSÍ.

Efri röð: Sara Gunnlaugsdóttir, Sigríður Jóna Sigurðardóttir, Iðunn Fjaldís Sveinsdóttir og Gígja Ketilsdóttir. Neðri Röð: Katla Helga Th. Jónsdóttir, Brynhildur Glúmsdóttir og Diljá Elíasdóttir.

## Góður árangur á Haustmóti FSÍ

Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum fór fram í tveimur hlutum. Fyrri hluti mótsins fór fram á Akureyri helgina 17. til 18. október þar sem keppt var í liðakeppni og fjölþraut í 4. og 5. þrepi og átti Gróttu 28 keppendur á mótinu. Gróttu var í 2. sæti í liðakeppni í 4. þrepi 12 ára og eldri.

Hildur Arnaldsdóttir varð í 2. sæti í fjölþraut og Jóhanna Kolbrún Einarsdóttir varð í 3. sæti í fjölþraut í þessum sama flokki. Gróttu sigraði í liðakeppni í 5. þrepi 10 ára og 11 ára og eldri. Í 5. þrepi 10 ára varð Sara Gunnlaugsdóttir í 1. sæti í fjölþraut og Margrét Þurý Sveinsdóttir varð í 2. sæti í fjölþraut í 5. þrepi 11 ára og eldri. Seinni hlutinn fór fram helgina 7. til 8. nóvember í

Íþróttamiðstöðinni Björk. Keppt var í frjálsum, 1., 2., og 3., þrepi og átti fimleikadeild Gróttu 10 keppendur á mótinu. Sóley Guðmundsdóttir var í 2. sæti í fjölþraut í 1. þrepi 13 ára og yngri og Katrín Aradóttir var í 3. sæti í fjölþraut í 2. þrepi 12 ára og yngri.

Auk þess fengu Gróttustelpur mörg verðlaun á einstökum áhöldum á báðum þessum mótum. Við óskum þeim öllum til hamingju með góðan árangur.

Þjálfarar stúlknanna eru þau Svetlana Nazarova, Anna Sóley Jensdóttir, Gabriella Belányi, Sesselja Järvelä og Zoltán Kiss.

Næsta verkefni hjá fimleikadeild Gróttu en þáttaka á Haustmóti FSÍ í hópfimleikum sem fer fram helgina 21. til 22. nóvember.



Kristófer Orri Pétursson og Kristófer Scheving ásamt Viktor Marel Kjærnested.

## Gróttumenn æfðu með Brommapojkarna

Tveir ungir og efnilegir Gróttu-menn, þeir Kristófer Orri Pétursson (17 ára) og Kristófer Scheving (16 ára), fóru í lok september til æfinga hjá sænska liðinu Brommapojkarna.

Viktor Marel Kjærnested, leikmaður Aftureldingar, æfði sömuleiðis með liðinu á sama tíma. Með í för voru einnig Magnús Örn Helgason yfirþjálfari knattspyrnudeildar og þjálfarinn Bjarki Már Ólafsson en þeir félagar kynntu sér þjálfunaraðferðir og hugmyndafræði sænska liðsins. Unglingastarf Brommapojkarna er rómað en félagið er þekkt fyrir að búa til framúrskarandi knattspyrnumenn. Sem dæmi hefur Brommapojkarna á þessu ári selt leikmenn til Chelsea, Bayern Munchen, Sunderland og Udinese. Kristóferarnir stóðu sig vel og áttu í fullu tré við sænsku strákana á þeim æfingum sem þeir tóku þátt í. Ferðin var mikil reynsla fyrir Gróttumennina ungu og mun hún vafalaust verða þeim gott veganesti inn í nýtt tímabil á Íslandi.



GETRAUNANÚMÉR

GRÓTTU ER

170

## Miklar framfarir hjá iðkendum Gróttu



Barna- og unglíngaráð handknattleiksdeildar hélt Gróttu Cheerios-mót fyrir 8. flokk kvenna og karla í handbolta helgina 8. til 9. nóvember sl.

Í 8. flokki er leikið eftir minni-boltareglum HSÍ og voru þrír vellir settir upp í stóra sal Hertz hallarinnar. Þar mættu til leiks um 450 strákar og stelpur á aldrinum 6 og 7 ára og voru þar margir að taka sín

fyrstu spor á handboltavellinum. Markar mótið vonandi upphafið á löngum og farsælum handboltaferli hjá þessum duglegu krökkum. Miklar framfarir var að sjá hjá iðkendum Gróttu sem komnir eru á eldra ár og einbeitingin skein úr augum þeirra yngri sem stóðu sig afar vel. Í lokin voru keppendur leystir út með verðlaunum fyrir góða frammistöðu og drengilega keppni.



## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Kristófer Scheving leikmaður Gróttu en hann fór til æfinga í haust hjá sænska knattspyrnufélaginu Brommapojkarna og stóð sig með þryði.

**Fullt nafn?** Kristófer Scheving.

**Fæðingard. og ár?** 8. júní, 1999.

**Starf?** Fyrirverandi þjálfari hjá knattspyrnufélaginu Gróttu.

**Farartæki?** Ég rúnta á rafmagnsvespu.

**Helstu kostir?** Alltaf glaður.

**Eftirlætis matur?** Spaghetti boloengse.

**Eftirlætis tónlist?** Pop, hlusta mest á Justin Bieber, hann er minn maður.

**Eftirlætis íþróttamaður?** Zlatan Ibrahimovic, hann er fyrirmyndin mín.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**

Enski boltinn, eina sem ég geri um helgar er að horfa á enska boltann.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**

Ég er Zlatan, hún er frábær bók og ég mæli eindregið með henni.

**Uppáhalds leikari?**

Klárlega Denzel Washington.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?**

Ég mundi segja að Training day væri besta myndin að mínu mati.

**Hvað gerir þú í fristundum þínum?**

Horfi á fótbolta eða spila Fifa 16 með vinum mínum.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?**

Fallegasti staður sem ég hef komið á er Negril beach sem er í Jamaica, hrikalega flottur staður

**Hvað metur þú mest í fari annarra?**

Ég elska þegar fólk er fyndið því ég elska að hlægja.

**Hvern vildir þú helst hitta?**

Zlatan Ibrahimovic.

**Uppáhalds vefsíða?**

Fantasy premierleague, ég er mikið inn á þessari aðallega um helgar.



**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?**

Að hitta Zlatan Ibrahimovic, það er búið að vera draumur minn í mörg ár.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?**

Ég mundi gefa mömmu minni þennan pening vegna þess að hún hefur eytt mikinn pening og tíma í mig síðan ég fæddist. Ég hef alltaf ætlað borga henni allt til baka. Fótboltaþúnaður er alls ekki frír.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?**

Ég mundi láta skipta um gervigras á fótboltavellinum vegna þess að grasíð er orðið frekar gamalt og það er komin tíma á nýtt gras.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?**

Síðan ég byrjaði í fótbolta hef ég alltaf ætlað mér í atvinnumennsku. Ég mun reyna allt til þess að það muni virka. Fótbolti er lífið mitt.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?**

Ég vann á fótboltavellinum í knattspyrnskóla Gróttu og spilaði fótbolta í allt sumar. Fór líka á Partille með félögum mínum í handbolta og það var mjög gaman.

## NES FRÉTTIR

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



Sími: 588 9705  
[www.skautaholl.is](http://www.skautaholl.is)

### Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.  
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga  
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga  
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga  
13:00 til 18:00.

**Skólar og sérhópar:** Mánudag til föstudaga  
10:00 til 15:00.

*göðgæti frá Jóa Fel*

# Tindrandi Frostrós að hætti Jóa Fel

Glitrandi fögur súkkulaðiterta með þunnum og stökkum toffi- og krókantbotni.

Lagskipt með súkkulaðibotnum og fersku hindberjahlaupi.

Fyllt með silkimjúku rjómasúkkulaðikremi og hjúpuð með drifhvítum sykurmassa.



**Jói  
Fel**

BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut